

**1928 nr. 50 7. maí****Lög um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi**

Tóku gildi 12. maí 1928. *Breytt með:* L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

Af fé Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja allt að 10.000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strand-

arlandi, en síðan má verja allt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

**■ 2. gr.**

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

**■ 3. gr.**

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

**■ 4. gr.**

[Ráðuneytið]<sup>1)</sup> hefur umsjón með stjórn kirkjufjanna og setur reglur<sup>2)</sup> um framkvæmd hennar.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 5. gr. <sup>2)</sup> Rg. 381/1991.